

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 923/2014

2015/EES/16/43

frá 25. ágúst 2014

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun álsetlitarefna úr ríðóflavíni (E 101) og kókiníli, karmínsýru, karmíni (E 120) í tilteknum matvælaflokkum og viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á ríðóflavíni (E 101) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr. og 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ⁽²⁾ er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 3) Skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum og nákvæmu skilgreiningarnar má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar ⁽³⁾.
- 4) Í álitinu frá 22. maí 2008 mælti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) ⁽⁴⁾ með því að minnka þolanlegan vikuskammt fyrir ál niður í 1 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Að auki taldi Matvælaöryggisstofnunin að stórneytendur í verulegum hluta Sambandsins, einkum börn, fari yfirleitt yfir endurskoðaðan þolanlegan vikuskammt. Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 380/2012 ⁽⁵⁾ var skilyrðum fyrir notkun matvælaaukefna sem innihalda ál breytt, þ.m.t. álsetlitarefni, og magninu sem er heimilt að nota, í því skyni að tryggja að ekki sé farið yfir endurskoðaðan, þolanlegan vikuskammt.
- 5) Ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 380/2012 kveða á um að álsetlitarefni, sem eru tilreidd úr öllum litum sem eru skráðir í töflu 1 í B-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, séu leyfð til 31. júlí 2014. Frá 1. ágúst 2014 eru einungis álsetlitarefni, sem eru tilreidd úr litunum sem eru skráðir í töflu 3 í A-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, leyfð og einungis í þeim matvælaflokkum þar sem ákvæði um hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr setlitarefnum eru skýrt tilgreind í E-hluta þess viðauka.
- 6) Umsóknir um leyfi fyrir notkun álsetlitarefna úr ríðóflavíni (E 101) og rýmku að því er varðar notkun á álsetlitarefnum úr kókiníli, karmínsýru, karmíni (E 120) voru lagðar fram árið 2013 og hafa verið gerðar aðgengilegar aðildarríkjunum skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008. Við meðhöndlun umsóknanna var gefinn sérstakur gaumur að hugsanlegum váhrifum af völdum áls í því skyni að grafa ekki undan ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 380/2012.
- 7) Í álsetlitarefnum er leysilíturinn gerður óleysanlegur og hann hefur aðra eiginleika en sambærilegur leysilítur (t.d. bættan stöðugleika gagnvart ljósi, pH-gildi og hita sem kemur í veg fyrir að liturinn smitist og gefur annarskonar litbrigði) sem fyrir vikið gerir setlitarefnið hentugt við tiltekna sértæka tæknilega notkun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 252, 26.8.2014, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2015 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtið ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽⁴⁾ Visindalegt álit sérfræðinganeftar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli um öryggi áls sem tekið er inn með fæðu (Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 754, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 380/2012 frá 3. maí 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar skilyrði fyrir notkun matvælaaukefna sem innihalda ál og magnið sem er heimilt að nota (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2012, bls. 14).

- 8) Leyfi fyrir álsetlitarefnum úr ribóflavíni gefur kost á annars konar álsetlitarefnum úr öðrum gulum litum í matvæli þar sem notkun álsetlitarefna er heimilud. Magnið af álsetlitarefnum úr kókiníli, karmínsýru, karmínnum, sem sótt er um heimild til að nota, er lítið og rýmkun á notkun varðar annað hvort sérhæfðar vörur eða vörur sem börn neyta ekki. Vegna hitameðhöndlunar er þörf á nota meira magn í gerilsneydd fiskhrogn til að tryggja stöðugan lit á geymsluþolstíma vörunnar. Ekki er búist við að leyfi fyrir álsetlitarefni úr ribóflavíni og rýmkun á notkun álsetlitarefna úr kókiníli, karmínsýru, karmínnum muni hafa marktæk áhrif á heildarváhrif af völdum áls.
- 9) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að slík uppfærsla hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun álsetlitarefna úr ribóflavíni og rýmkun á notkun álsetlitarefna úr kókiníli, karmínsýru, karmínnum telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 10) Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er mælt fyrir um að einungis sé heimilt að nota lit í formi álsetlitarefna þegar það er greinilega merkt. Leyfið fyrir álsetlitarefnum úr ribóflavíni (E 101) krefst því breytinga á skilgreiningunum fyrir þetta matvælaaukefni sem gefnar eru í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar notkun álsetlitarefna.
- 11) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. ágúst 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIDAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í töflu 3 í A-hluta bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 100:

„E 101	Ríboflavín“
--------	-------------

2) Ákvæðum E-hluta er breytt sem hér segir:

a) Í flokki 01.7.2 Þroskaður ostur:

i. Í stað færslunnar um matvælaaukefnið E 120 komi eftirfarandi:

„E 120	Kókinil, karmínsýra, karmín	125	(83)	Einungis rauðsprengdur ostur“
--------	-----------------------------	-----	------	-------------------------------

ii. Eftirfarandi neðanmálsgrein bætist við:

	„(83): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E120 kókinili, karmínsýru, karmíni er 3,2 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“
--	---

b) Í flokki 08.2 Unnin kjötvara eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004:

i. Í stað færslunnar um matvælaaukefnið E 120 komi eftirfarandi:

„E 120	Kókinil, karmínsýra, karmín	100	(66)	Einungis morgunverðarpylsur með 6% lágmarkskornnihald, hamborgarakjöt með 4% lágmarksgrenmetis- og/eða kornnihald, blandað saman við kjötið (í þessum afurðum er kjötið hakkað þannig að vöðva- og fituvefur dreifist fullkomlega og trefjarnar mynda ýrulausn með fitunni og gefa þannig afurðinni dæmigert útlit sitt), ýmsar tegundir af merguez-vörum, <i>salsicha fresca</i> , <i>mici</i> , <i>butifarra fresca</i> , <i>longaniza fresca</i> , <i>chorizo fresco</i> , <i>cevapcici</i> og <i>pljeskavice</i> “
--------	-----------------------------	-----	------	--

ii. Eftirfarandi neðanmálsgrein bætist við:

	„(66): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E120 kókinili, karmínsýru, karmíni er 1,5 mg/kg. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“
--	--

c) Í flokki 09.2 Unninn fiskur og lægarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr:

i. Í stað færslunnar um III. flokk komi eftirfarandi:

„III. flokkur	Litarefni með samsett hámarksgildi	500	(84)	Einungis súrímí og svipaðar afurðir, og laxalíki ⁴
„E. 120	Kókinil, karmínsýra, karmín	100	(35) (85)	Einungis mauk úr fiski og krabbadýrum ⁴

ii. Í stað fyrstu færslunnar um matvælaaukefnið E. 120 komi eftirfarandi:

iii. Eftirfarandi neðanmálsgreinar bætast við:

	„(84): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E120 kókinili, karmínsýru, karmíni er 4 mg/kg. Sem frávik frá þessari reglu er hámarksgildi, einungis fyrir laxalíki, 5,5 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.
	(85): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E120 kókinili, karmínsýru, karmíni er 2 mg/kg, einungis í mauki úr fiski. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013. ⁴

d) Í flokki 09.3 Fiskhrogn:

i. Í stað færslunnar um III. flokk komi eftirfarandi:

„III. flokkur	Litarefni með samsett hámarksgildi	300	(86)	Að undanskildum styrjueggjum (kavíar) ⁴
---------------	------------------------------------	-----	------	--

ii. Eftirfarandi neðanmálsgrein bætist við:

	„(86): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E120 kókinili, karmínsýru, karmíni er 3 mg/kg. Sem frávik frá þessari reglu er hámarksgildi, einungis fyrir gerilsneyddar afurðir, 50 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013. ⁴
--	---

e) Í flokki 14.2.6 Brenndir drykkir eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 110/2008:

i. Í stað færslunnar um III. flokk komi eftirfarandi:

„III. flokkur	Litarefni með samsetti hámarksgildi	200	(87)	Að undanskildum brenndum drykkjum, eins og skilgreint er í l. mgr. 5. gr. og söluheitum, sem skráð eru í l. 14. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008, og brenndum drykkjum (með heiti aldinsins á undan) sem fenginir eru með því að leggja plöntuefni í bleyti og eima síðan afurðina, Geist (ásamt heiti aldinsins eða hráefnisins sem notað er), London Gin, Sambuca, Maraschino, Marrasquino eða Maraskino og Mistrá“
---------------	-------------------------------------	-----	------	--

ii. Eftirfarandi neðanmálsgrein bætist við:

	„(87): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E120 kókínili, karmínsýru, karmíni er 1,5 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið l. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“
--	---

f) Í flokki 14.2.7.1. Kryddvín:

i. Í stað færslunnar um aukefnið E 120 komi eftirfarandi:

„E 120	Kókíníl, karmínsýra, karmín	100	(26) (27) (87)	Einungis <i>americano, bitter vino</i> “
--------	-----------------------------	-----	----------------	--

ii. Eftirfarandi neðanmálsgrein bætist við:

	„(87): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E120 kókínili, karmínsýru, karmíni er 1,5 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið l. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“
--	---

g) Í flokki 14.2.7.2. Drykkir, að stofni til úr kryddvíni:

i. Í stað færslunnar um aukefnið E 120 komi eftirfarandi:

„E 120	Kókíníl, karmínsýra, karmín	100	(28) (87)	Einungis <i>bitter soda</i> “
--------	-----------------------------	-----	-----------	-------------------------------

ii. Eftirfarandi neðanmálsgrein bætist við:

	„(87): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E120 kókínili, karmínsýru, karmíni er 1,5 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið l. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“
--	---

b) Í flokki 14.2.7.3. Hanastél, blönduð með kryddvíni:

i. Í stað færslunnar um III. flokk komi eftirfarandi:

„III. flokkur	Litarefni með samsetti hámarksgildi	200	(87) ⁴
---------------	-------------------------------------	-----	-------------------

ii. Eftirfarandi neðanmálsgrein bætist við:

	„(87): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsettliarefnum úr E120 kókiníli, karmínsýru, karmíní er 1,5 mg/kg. Ekki má nota önnur álsettliarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“
--	---

i) Í flokki 14.2.8 Aðrir áfengir drykkir, þ.m.t. blöndur úr áfengum og óáfengum drykkjum og brenndir drykkir með alkóhólinnihald undir 15%:

i. Í stað færslunnar um III. flokk komi eftirfarandi:

„III. flokkur	Litarefni með samsetti hámarksgildi	200	(87)
---------------	-------------------------------------	-----	------

einungis áfengir drykkir með alkóhólinnihald undir 15% og *nalewka na winie owocowym, aromatyzowana nalewka na winie owocowym, nalewka na winie z soku winogronowego, aromatyzowana nalewka na winie z soku winogronowego, napój winny owocowy lub miodowy, aromatyzowany napój winny owocowy lub miodowy, wino owocowe niskoalkoholowe og aromatyzowane wino owocowe niskoalkoholowe*

ii. Eftirfarandi neðanmálsgrein bætist við:

	„(87): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsettliarefnum úr E120 kókiníli, karmínsýru, karmíní er 1,5 mg/kg. Ekki má nota önnur álsettliarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“
--	---

II. VIÐAUKI

Víðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi setning bætist við í lok færslum um aukefnið E 101 (i) RÍBÓFLAVÍN:

„Nota má álsetlitarefni úr þessu litarefni“

2) Eftirfarandi setning bætist við í lok færslum um aukefnið E 101 (ii) RÍBÓFLAVÍN-5'-FOSFAT:

„Nota má álsetlitarefni úr þessu litarefni“